

Nýherji hf. - breyting á stjórn félagsins

REYKJAVÍK – 9. desember 2016

Nýherja hf. hefur borist tilkynning frá Benedikt Jóhannessyni stjórnarformanni um úrsögn úr stjórn félagsins frá og með deginum í dag.

Eftirfarandi skipa þá stjórn félagsins:

Emilía Þórðardóttir

Guðmundur Jóh. Jónsson

Hildur Dungal, varaformaður

Ívar Kristjánsson

Loftur Bjarni Gíslason

Gert er ráð fyrir að á næsta stjórnarfundum félagsins verði ákveðið hver muni gegna formennsku í stjórn.

Stjórn félagsins er ákvörðunarþær, sbr. 71. gr. laga um hlutafélög.

„Það hefur verið afar ánægjulegt að starfa með Benedikt að vexti og velgengni Nýherja undanfarin ár. Fáir þekkinga betur til félagsins, enda hefur hann setið í stjórn þess í meira en 22 ár og stærstan hluta þess tíma sem formaður. Það er missir af Benedikt úr stjórn en hann skilar nú af sér góðu búi í traustu félagi. Fyrir hönd samstarfsfólks hjá Nýherja kann ég honum allra bestu þakkir fyrir frábært samstarf og stuðning við félagið í gegnum árin. Við óskum honum alls hins besta á nýjum vettvangi.“ segir Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja.

NÝHERJI HF.

Nýherji hf. (NASDAQ OMX: NYHR.IC) er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Nýherji er þjónustufyrirtæki og hlutverk þess felst í að aðstoða viðskiptavinum að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðiþekkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Hjá móðurfélaginu starfa 250 manns en hjá samstæðunni um 500. Dótturfélög Nýherja eru TM Software, TEMPO og Applicon, á Íslandi og í Svíþjóð. Nýherji er skráð í Kauphöll Íslands. Nánari upplýsingar er að finna á www.nyherji.is

Nánari upplýsingar

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða fo@nyherji.is og Gunnar Petersen framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@nyherji.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta:

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.